Til staðfestingar hafa fulltrúar hlutaðeigandi ríkja undirritað samning þennan og sett á hann innsigli sín.

Gert í Osló, hinn 23. marz 1962, í einu eintaki á hverju þessara mála: íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð.

25. febrúar. Nr. 2.

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).

Ríkisstjórn Íslands samþykkti hinn 17. desember 1962 breytingar þær á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), sem gerðar voru á Alþjóðavinnumálaþinginu á síðastliðnu sumri.

Stofnskráin var birt í Stjórnartíðindum A. 57/1948, ásamt breytingu, er birt var í Stjórnartíðindum A. 4/1954.

Hinn íslenzki texti um breytingarnar á stofnskránni, sem samþykktar voru á 46. allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í júní 1962, birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 25. febrúar 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

Breyting á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kvaddi til funda í Genf og kom saman til 46. þings hinn 6. júní 1962, hefur ákveðið að samþykkja tillögur um, að í ákvæðum stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan stjórnarinnar skulu tölurnar „fjörutíu og átta“ og „tuttugu og fjórir“ koma í stað talnanna „fjörutíu“ og „tuttugu“, og talan „tólf“ í stað tölunnar „tíu‘ nema í 2. tölulið 7. greinar, sem kveður svo á, að tíu mestu iðnaðarríkin og fjórtán þar til kjörin aðildarríki skuli eiga sæti í stjórninni, en þetta var áttunda dagskrármál þingsins.

Þingið gerir því í dag, 22. júní 1962, eftirfarandi breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem nefnist Breyting á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, 1962:

1. gr.

Í núgildanda texta stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

a) skulu tölurnar „fjörutíu og átta‘ og „tuttugu og fjórar“ koma í stað talnanna „fjörutíu“ og „tuttugu“ í 1. og 2. tölulið 7. greinar;
b) skal talan „tólf“ koma í stað tölunnar „tíu“ í 1. tölulið 7. greinar;
c) skal talan „fjórtán“ koma í stað tölunnar „tíu“ þar sem í 2. tölulið 7. greinar er talað um þá menn, sem tilnefndir eru af ríkjum, sem til þess eru kjörin af fulltrúum ríkisstjórna á þinginu;

d) skal setningin „Tveir fulltrúar atvinnurekenda og tveir fulltrúar verkamanna, skulu vera frá ríkjum utan Evrópu“ felld niður úr 4. tölulið 7. greinar.

2. gr.

Frá gildistöku þessarar breytingar, skal stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gilda eins og hún er breytt samkvæmt undanfarandi grein.

3. gr.

Þegar þessi breyting gengur í gildi skal framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar láta gera opinberan texta stofnskrár Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar eins og hann er breyttur með þessum breytingarákvæðum í tveimur frumritum, er staðfest séu með undirritun hans. Öðru þessara eintaka skal komið til varðveizlu í skjalasafni Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hitt skal sent aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Framkvæmdastjórinn skal senda öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar staðfest afrit af textanum.

4. gr.

Tvö eintök þessara stofnskrárbreytinga skulu staðfest með undirritun forseta þingsins og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Öðru þessara eintaka skal komið til varðveizlu í skjalasafni Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hitt skal sent aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Framkvæmdastjórinn skal senda öllum meðlimum Alþjóðvinnumálastofnunarinnar staðfest eintak af stofnskrárbreytingu þessari.

5. gr.

1. Formlegar fullgildingar eða samþykki á þessari stofnskrárbreytingu skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, en hann skal tilkynna meðlimum stofnunarinnar móttöku þeirra.
2. Þessi stofnskrárbreyting gengur í gildi í samræmi við ákvæði 36. greinar stofnskrár stofnunarinnar.
3. Þegar þessi stofnskrárbreyting gengur í gildi, skal aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynna það öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

Framanskráður texti er hinn rétti, löggilti texti breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem löglega var samþykktur á 46. allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldin var í Genf og slitið hinn tuttugasta og áttunda dag júnímánaðar 1962.

Ensku og frönsku textarnir af stofnskrárbreytingu þessari eru jafngildir.